

Nr. 146 / 10 Víkingur KE 10**Strandar í Keflavík**

Skipaskr.nr. 2426
 Smíðaður: Kanada / Hafnarfirði 2006
 Stærð: brl. 10,7 bt.
 Mesta lengd: 11,3 m Skráð lengd: 10,69 m
 Breidd: 3,02 m Dýpt: 1,36 m
 Vél: Cummins 187 kW
 Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
 Lögregluskýrslur
 Gögn RNS



Víkingur© Emil Páll Jónsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 14. nóvember 2010 var Víkingur KE 10 að koma til Grófarhafnar í Keflavík. Veður: SA 2-3 m/sek

Á siglingunni var bátnum siglt á klettaflös undir Brennunípu norðan Grófarhafnar. Skipstjórinn gat losað bátinn strax með því að bakka en leki var kominn í lúkarinn og var siglt inn í Grófina þar sem hann var tekinn á land. Við áreksturinn féll annar bátsverjinn á höfuðið og vankaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa verið að koma úr róðri í Faxafóa. Hann hafi lítið séð út um saltstorknar rúðurnar þegar ljósin ofan af berginu skinu á þær. Ekki sé hægt að þrifa þær við þessar aðstæður;
- að aðdjúpt er upp í fjöruna og sagðist skipstjóri hafa vitað að hann var mjög nærri landi. Hann



ætlað að kanna fjarlægðina og kveikja á kastaranum en rafmagn hafði slegið út svo hann varð að slá því inn en á meðan hann var að því sigldi hann upp í fjöruna;

- að skipstjóri sagðist vera staðkunnugur þar sem hann hafi róið úr Keflavík í áratugi en sökum erfiðleika með að sjá út um rúðurnar hafi hann ekki getað nýtt sér landmið;
- að radar var í gangi sem hann nýtti sér ekki til staðarákvörðunar á siglingunni þegar nær dró höfninni
- að siglingatölva með MaxSea kortaforriti stutt af GPS staðsetningartæki sem var í bátnum sem skipstjóri notfærði sér ekki heldur hafði til hliðsjónar;
- að skipstjóri sagðist hafa verið búinn að draga úr ferð þegar komið var upp undir ströndin en siglingahraði var 10,9 hnútar samkvæmt ferilskráningu;
- að atvikið var ekki tilkynnt til Vaktstöðvar siglinga.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var skortur á árvekni skipstjóra á siglingunni þegar hann vissi að hann var mjög nálægt landi.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að skipstjórar upplýsi ávallt Vaktstöð siglinga um atvik sem þessi til að tryggja sem best öryggi áhafnar og skips.